
JÓHANNES KJARVAL

90 ár frá fæðingu meistarans



Hann Kjarval hefði orðið níræður ef hann hefði lifað þennan dag, þegar landhelgin er færð út í 200 mílur. Aldrei hefur Ísland stækkað svona mikið á einum degi fyrr, nema ef vera skyldi daginn sem hann Kjarval fæddist, en nóg um það.

Jóhannes Kjarval var fæddur 15. október árið 1885 að Efri-Ey austur í Meðallandi en frá fjögurra ára aldri ólst hann upp hjá móðurbróður sínum, Jóhannesi Jónssyni í Geitavík í Borgarfirði eystra, en Geitavík er undir Njarðvíkurskriðum, rétt norðan við kauptúnið. Stendur bærinn við samnefnda vík.

Jóhannes Kjarval varð sjómaður og útróðramaður og fór á skútum. Munu elztu myndir hans vera málaðar í lúkarnum á einhverjum fiskikútterum. Kjarval stundaði sjómennsku til ársins 1911 er hann hélt utan til myndlistarnáms. Dvaldi hann fyrst í London, en síðan í Kaupmannahöfn, þar sem hann lauk prófum við konunglega listaskólann árið 1918.

Ýmsir frægir rithöfundar hafa skrifað um Kjarval, þar á meðal Halldór Laxness, Matthís Jóhannessen, og Thor Vilhjálmsson. Það er þó sammerkt með öllum þessum skrifum, að þau fjalla aðeins um vissa þætti í lífi hans. Kjarval kemst ekki fyrir í einni bók, hversu indæl sem hún er. Fyrstur til þess að skrifa um Kjarval og tala fyrir snilligáfu hans við þjóðina var Guðbrandur Magnússon, sem síðar varð forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins. Guðbrandur var ritstjóri og blaðam. og leiðtogi í ungmennafélagshreyfingunni, einskonar „rauður varðliði", og þeir létu sér annt um listir og framfarir á Íslandi.

Ritaði Guðbrandur fræga grein um Kjarval í Austra 1908.

Kjarval var ekki einvörðungu málari, heldur var hann líka frumlegur rithöfundur og skáld. Hann skrifaði stuttar greinar, sem sögðu mikið og einkennilega um það efni sem honum var hugleikið. Hann gaf líka út bækur og eru þessar helztar:

1930 **Grjót**
1937 **Meira grjót.**
1938 **Fornmannasaga. Enn grjót.**
1938 **Einn þáttur. Leikur.**
1956 **Ljóðagrjót.**
1956 **Hvalasagan frá átján hundruð níutíu og sjö.**
1957 **II. útgáfa (o. fl.)**

Ennfremur ritaði Kjarval myndlistargagnrýni um skeið.

Kjarval var kvæntur dönskum rithöfundi, Tove, dóttur Mads Christian Merild hljómsveitarstjóra í stórskotaliðinu danska. Þau skildu. Sonur þeirra er Sveinn Kjarval, sem er kunnur munaarkitekt, og er frægur fyrir teikningar sínar af húsgögnum og innréttingum.

Dóttur eignuðust þau Kjarval og Tove. Hún heitir Ása og er gift kona í Danmörku.

II

Ef til vill var Jóhannes Kjarval auðskildasti maðurinn á þessu landi. Hann tók ofan fyrir börnum og var jafningi ráðherra. Allir þekktu Kjarval og hann þekkti alla, og þeir, sem séð höfðu milda glóðina í augum hans og heyrt djúpa röddina, höfðu eitthvað milli handanna, sem tók af öll tvímæli um að Kjarval var gæddur snilligáfu. Hann var duglegur, hefði líklega náð langt í útgerðinni og atvinnulífinu eins og í listinni

Að gera grein fyrir honum í rituðu máli er annað, því að viðurkenndar aðferðir brestur. Maður getur ekki sótt til fanga í bækur, sem um hann hafa verið ritaðar af þeim rithöfundum sem þekktu hann bezt, því þær segja svo fátt. Prestar útskýra ekki guð betur en börnin. Sem félagsleg staðreynd minnir Kjarval einna mest á verðbólguna, að þeim mun meira sem fræðimennirnir útskýra, þeim mun minna skilur maður. Kjarval er því óskilgreindur enn fyrir næstu kynslóðir, eins og verðbólgan og guð almáttugur.

Ef til vill eru Kjarvalsstaðir átakanlegasta dæmið um það hvernig Kjarval gengur okkur úr greipum. Árið 1966 var hafizt handa um að reisa Kjarvalsstaði á Klambratúni. Þar var Eystri salurinn einvörðungu ætlaður Kjarval, en afgangurinn af húsinu var handa öðrum. Þar hafa síðan verið stöðugar sýningar á verkum Kjarvals og nú stendur yfir þriðja sýningin á verkum hans. Fáeinar myndir höfðu bætzt við, myndir sem fornvinir höfðu gefið safninu.

Kjarvalssýningin er mjög glæsileg sýning, því að Reykjavíkurborg á margar góðar myndir eftir Kjarval, en samt verða mistökin okkar einmitt þar. Þar er einfaldlega gengið út frá því, að Kjarval hafi verið mikill málari, en það gleymist að hann var margt annað, sem ekki þarf síður varðveizlu við.

Hann var líka skáld, rithöfundur, þjóðsaga og mikill persónuleiki. Það sópaði af meistaranum, þegar hann skálmaði um götur borgarinnar. Hann var glæsilegur á velli, karlmenni, en líka barn. Þessir eiginleikar eru ekki minna virði til varðveizlu en myndirnar sem hann málaði, og það er hrein sögufölsun að halda því að nýjum kynslóðum að Kjarval hafi einvörðungu verið málari. Það segir ekkert um hann.

Vissulega standa myndir hans samt fyrir sínu, en það er ekki minna virði fyrir skoðarann að vita, að myndirnar eru eftir mann sem neitaði staðfast að borða kartöflur úr kálgörðunum fyrir neðan kirkjugarðinn í Fossvogi, eftir mann, er flutti tillögu um það á fundi í Félagi ísl. myndlistarmanna, að fundarmenn slitu fundi og færu út að leita að ketti, sem auglýst hafði verið eftir í dagblaðinu Vísi þá um daginn. Þá var mjög kalt.

Kjarval var meira en málari. Hann var líka eins konar sérstofnun í samfélaginu. Þeir, sem voru honum samtíða, skilja að þeir sem lifa, fæðast og deyja í samfélagi, þar sem er enginn Kjarval, hafa í rauninni farið mikils á mis. Þeir lifa ekki í sams konar mannfélagi og við hin. Þetta á ekki einvörðungu við þá, sem þekktu Kjarval, heldur líka hina, sem fannst þeir þekkja hann betur en aðra menn, þótt þeir hefðu kannski aðeins hitt hann á götu og mætt augum hans brot úr andartaki.

III

Kjarval var sæmdur meistaratign mjög snemma. Meistaranafnbótin verður ekki til gegnum skólakerfið, bankakerfið, ekki einu sinni gegnum sjálft kerfið, því það kemur allt frá yfirvöldunum. Meistaranafnbótin kemur frá fólkinu eins og sólskin. Þetta er í rauninni merkilegt. Ýmsir merkir menn, sem þá áttu hug fólksins urðu ekki meistarar. Nægir að nefna doktor Pál, Halldór Laxness og Þorstein frá Vatnsleysu. Þessir menn hafa verið handgengnir þjóðinni, en án nafnbóta.

Það er því öðruvísi.

Kjarval fer peningalaus út í heim til að mála. Mönnum er það ekki ljóst hvers vegna málverkið leggst eins og yfirþyrming á einhverm mann út á sjó.

— Hafði hann séð málverk, mér er spurn? Auðvitað voru þeir fyrstu komnir heim þá, t.d. Ásgrímur Jónsson.

Það liggur líka fyrir að Kjarval var byrjaður að teikna, þegar hann lærði að draga til stafs og teiknaði þá skip í aðra hverja línu. Þannig verður það líka óskýrt framvegis hvað kom Kjarval til þess að fara að mála og hvers vegna almættið setti gullhendur á dreng sem bjó undir Njarðvíkurskriðum.

Það er freistandi að fjalla ofurlítið um stöðu Kjarvals eftir að myndirnar einar verða að standa fyrir áliti hans.

Myndir hans eru í mjög háu verði, þrátt fyrir þau kynstur sem hann kom í verk, en það segir þó lítið. Sú staðreynd segir ekki allt um listgildi þeirra. Ásókn eftir myndunum gæti allt eins verið tilraun til þess að fylla upp í tómið, sem varð eftir að hann var horfinn sjálfur úr samtíðinni. Eitt getum við þó sagt að sé óbreytt, nafn hans er enn trygging fyrir því að mynd sé góð ef hún er eftir Kjarval. Það er að minnsta kosti haft fyrir satt á Íslandi.

Þegar listgæðin eru skoðuð og maður leyfir sér, eða ætlar sér að flokka myndir hans í góðar og vondar myndir, þá kemst maður í svolitinn vanda. Auðvitað eru myndir hans misgóðar, um það geta allir verið sammála, en mér er hreinlega til efs, að hann hafi nokkurn tíma málað vondar myndir um ævina. Svo virðist sumsé að í öllum myndum sé einhver guðsneisti, sem verður ekki frá þeim tekin. Þær eru allar „kjarvalskar" og fara ekki dult með það hver gerði þær.

Hvað mig sjálfan varðar skynja ég dálitla breytingu. Stóru, glæsilegu myndirnar standa óbreyttar, en smám saman hefur mér opnazt nýr heimur. Þessar myndir eru dregnar í augnabliksþörf og þá málaðar á hvað sem fyrir varð, umbúðapappír, pappa, teiknipappír, vatnslitappír, jafnvel á pappír utan af brauði og slátri. Það er guð í þessum myndum, flestum, og neisti í þeim öllum.

Það nægir að vitna í hausana hans Kjarvals þessu til stuðnings.

Við þekkjum öll þessa kalla, en munum bara ekki í svipinn hvar eða hvenær það var, sem vi hittum þá fyrst.

IV

Kjarval var örlátastur allra málara. Auðvitað hefur hann verið keyptur og gefinn í söfn. Útgerðarmenn, síldarspekúlantar, stríðsgróðamenn og bankastjórar kepptust við að kaupa myndirnar hans til að hafa þær uppi á vegg í forretningum sínum og peningahólfum. Mest hefur hann þó líklega gefið af myndunum. Gengu miklar sögur um það. Sumt gáfu líka aðrir fyrir hann, en meistarinn undraðist höfðinglundina, eins og þegar vinur hans Kai Millner tók sig til og útbýtti verkum hans, ókeypis meðal manna að meistaranum forspurðum.

Kjarval gaf myndir sínar út um allt. Sagan segir að einhver kona hafi komið og gefið honum sæng. Halldór Laxness man þessa sögu, og segir konuna hafa komið með „sængurfiðu í poka að gefa listamanninum í heiðursskyni, af því honum hljóti að vera kalt á nóttunni. Þá var nú meistarinn ekki seinn á sér að taka monumentalt máverk ofanaf vegg og fá konunni, hengdi síðan sængina á naglann."

Framhald á bls. 19

FÓLK Í LISTUM